



## Annáll haustannar 2024

Nýnemadagur var 16. ágúst og sama dag var kynningarfundur fyrir heimavistarbúa. Kennsla hófst 19. ágúst og 4. september var haldinn kynningarfundur með forráðamönnum nýnema. Hjólin byrjuðu fljótt að snúast í skólastarfinu.

Þann 18.-21. október var kærkomið vetrarfrí og við mættum endurnærð til starfa að því loknu. Síðasti kennsludagurinn var 9. desember og prófa- og verkefnadögum lauk þriðjudaginn 17. desember.

### Tölulegar upplýsingar

Heildarfjöldi nemenda við skólann á haustönn 2024 var 511. Þar af voru 416 nemendur í dagskóla og 95 nemendur í dreifnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 66% nemenda voru karlar og 34% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 64% karlar og 36% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 72% karlar og 28% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 134 nemendur. 49 nemendur voru á náttúrufræðibraut og 28 á félagsfræðibraut. 19 voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum voru 68 nemendur í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 43 nemendur í dagskóla og 41 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 36 nemendur í dagskóla. Í meistarakóla voru 34 nemendur.

### Foreldrasamstarf

Í upphafi annar var boðað til fundar með forráðafólki nemenda á sal. Var þar farið yfir það helsta sem brennur á í skólabyrjun; námskrá og skólareglur, stoðþjónusta, ferilbók í iðnnámi o. fl.

Stjórn Foreldraráðs skipa Auður Líndal formaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir, Anna Sólveig Smáradóttir, Helga Jóna Björgvinsdóttir, Ólöf Lilja Lárusdóttir, Ólöf Inga Birgisdóttir, Sigfús Magnússon og Þórunn Hilma Svavarsdóttir. Ráðið heldur fundi og eru fundargerðir vistaðar í skjalasafni skólans. Hægt er að koma ábendingum til ráðsins í gegnum netfangið foreldrarad@fva.is.

Skólinn tekur þátt í samstarfi gegn ofbeldi og öðrum afbrotum meðal helstu lykilaðila á Vesturlandi, þ.m.t. félagsþjónustu, skólaþjónustu sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöld, heilbrigðisþjónustu, skóla, félagasamtaka, landshlutasamtaka sveitarfélaga og lögreglu. Forvarnarfundur með lögreglu, verkefnastjóra æskulýðs og forvarnarmála og deildarstjóra farsældarþjónustu barna var haldinn í sal FVA þann 24. september.

### Fulltrúaráð og skólanefnd

Fulltrúaráð er skipað 12 fulltrúum frá sex sveitarfélögum sem standa að rekstri skólans. Fulltrúaráð skipa Benedikt J. Steingrímsson, Guðmann Magnússon, Margrét Helga Ísaksen, Ragnheiður Helgadóttir og Sigrún Ágústa Helgadóttir (Akranes), Þorvaldur T. Jónsson og Jóhanna Þorvaldsdóttir (Borgarbyggð), Einar Jón Geirsson (Dalabyggð), Ástríður Guðmundsdóttir (Skorradalshreppur), Veronika G. Sigurðardóttir (Eyja- og Miklaholtshreppur), Andrea Ýr Arnarsdóttir og Birkir Snær Guðlaugsson (Hvalfjarðarsveit). Steingrímur Benediktsson er áheyrnarfulltrúi kennara í fulltrúaráði skólans og Rán Höskuldsdóttir er til vara.

Í júní 2023 var skólanefnd skipuð til fjögurra ára. Tveir fulltrúar ráðsins eru kosnir í skólanefnd, í henni eru samtals fimm. Ellert Jón Björnsson, Þórdís Eva Rúnarsdóttir, Liv Áse Skarstad (formaður), Jóhanna M. Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir. Varamenn eru Hjördís Garðarsdóttir, Maren Rós Steindórsdóttir, Guðmundur Reynir Georgsson, Andrea Ýr Arnarsdóttir og Guðlaug Kristinsdóttir.



Áheyrnarfulltrúi kennara er Trausti Gylfason og áheyrnarfulltrúi nemenda er Demi van den Berg. Áheyrnarfulltrúi foreldraráðs er Þórunn Hilma Svavarsdóttir. Fundur í skólanefnd á haustönn var haldinn 20. nóvember og eru fundargerðir að finna á vef skólans.

## Ungmennaráð Akraness

Nemendur FVA eiga einn fulltrúa Ungmennaráði Akraness, sem starfa að málefnum unga fólksins á svæðinu ásamt fulltrúum frá Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, ÍA og Tónlistarskólanum.

## Afreksíþróttasvið

Á afreksíþróttasviði eru 52 nemendur sem stunda sex íþróttagreinar: fimleika, keilu, knattspyrnu, körfuknattleik, golf og sund. Nemendur sækja tvær æfingar í viku hjá íþróttafélagi, mæta í styrktarþjálfun einu sinni í viku og fá bóklega kennslu á sviði afreksíþróttu einu sinni í viku. Þau sem stunda sund og knattspyrnu æfa á Jaðarsbökkum, þau sem stunda golf æfa á Garðavöllum. Í íþróttahúsinu við Vesturgötu stunda iðkendur fimleika, körfuknattleiks og keilu sínar æfingar. Bókleg kennsla og styrktaræfingar fara fram í íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum. Á önninni störfuðu 12 starfsmenn við þjálfun og kennslu á afreksíþróttasviði.

Önnin var nokkuð hefðbundin hjá sviðinu. Farið var í árlega vettvangsferð og að þessu sinni var fræðslusvið ÍSÍ í Laugardalnum heimsótt. Þar fékk hópurinn kynningu á starfsemi ÍSÍ með sérstakri áherslu á verkefni sambandsins og afreksmál. Hópurinn heimsótti einnig íþróttafraeðadeild HR og fékk þar flotta kynningu. Einnig var rölt um skólann ásamt því að rannsóknastofur deildarinnar voru skoðaðar. Þol- og styrktarmælingar voru kynntar fyrir hópnum og þar fengu nokkrir nemendur að prófa bæði þol og styrk. Á leiðinni heim var stoppað í Eglisöll þar sem farið var í keilu og boðið var upp á pizzur. Afreksíþróttasvið var einnig með uppbot á íþróttæfingum félaga þar sem allir nemendur hittust í íþróttahúsinu við Vesturgötu og „leikið“ var á sjö stöðvum þar sem boðið var uppá keilu, pílu, körfubolta, bandý, skotbolta, trampólín hopp og bandvefslosun.

Að frumkvæði Körfuknattleiksfélags ÍA var ákveðið að fara af stað með þriggja mánaða tilraunaverkefni í samstarf við Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit. Verkefnið snerist um að gefa níu nemendum sem eru í 10. bekk þessara þriggja skóla tækifæri til að æfa körfubolta á skólatíma með þeim nemendum sem skráðir voru í körfubolta á Afreksíþróttasviði FVA. Skilyrði var að nemendur grunnskólanna fylgdu sömu reglum og nemendur afreksíþróttasviðs og að þátttaka þeirra kæmi ekki niður á gæðum þjálfunar hjá nemendum FVA né að auka kostnaður félli á skólann. Verkefnið gekk afar vel en nemendur grunnskólanna mættu eingöngu á æfingar hjá íþróttafélagi.

Verkefnisstjóri afreksíþróttasviðs FVA fundaði tvisvar sinnum á önninni með þremur öðrum forsvarsmönnum afreksíþróttasviða framhaldsskóla. Markmið með þeim fundum er að efla enn frekar tengsl milli þessara skóla ásamt því að fylgja eftir vinnu hópsins frá síðasta skólaári um eflingu afreksíþróttu í landinu í gegnum afreksíþróttasvið framhaldsskólanna. Á vorönn er stefnt að því að stækka þennan hóp þannig að tengsl myndist við öll afreksíþróttasviði framhaldsskóla landsins. Sami hópur fundaði einnig með starfsfólki barna- og menntamálaráðuneytis þar sem rædd voru sameiginleg málefni afreksíþróttasviða og afreksstarfs á landinu.



## Starfsbraut

Nám á starfsbraut FVA fer mikið fram utandyra í veðurlíðunni og meðal annars er nánasta umhverfi og áhugaverðir staði á Akranesi og nágrenni nýttir. Í haust var engin undantekning á því. Bóklega námið var þó á sínum stað og lærðu nemendur ýmislegt skemmtilegt í tengslum við það og má t.d. nefna íslenska leikara, íslenska þætti og bíómyndir.

Nemendur í félagsfræði og handmennt fóru t.d. á Byggðasafn á Görðum, nýja kaffihúsið Stúkukaffihús á Görðum og skógarferð í skógræktinni hjá Akrafjalli með kakó og bakkelsi.

Í áfanganum Lýðheilsa og lífsleikni voru nemendur mikið utandyra, sérstaklega fyrri hluta annar, þá var skógræktin vel nýtt til leikja og samveru. Í íþrótt og heilsuviku var farið í keilusal ÍA, í golf og sund í Árbæjarlaug í Reykjavík. Í upphafi annar keypti Heilsueflingarteymi FVA útieldestæði sem var að sjálfsögðu nýtt og bökuðu nemendur m.a. lummur, poppuðu popp og gerðu kakó, allt undir berum himni. Einnig fóru þau í vettvangsferð í nýja sundlaug í Dalslaug í Grafarholti, heimsóttu Rafstöðvarvæðið í Elliðaárdal og fóru í bíó í Reykjavík.

## Viðburðir í skólastarfi og vettvangsferðir

Við tókum auðvitað virkan þátt þegar er gulur september og bleikur október, roðagylltur nóvember og svartur föstudagur... Heilsueflingarteymið heldur okkur við efnið, m.a. var farið í (fámennar en góðmennar) gönguferðir og æsispennandi skrefakeppni fór fram í nóvember.

Nýnemar fóru saman í nýnemaferð sem var farin 3. september. Fjórið var í Mosfellsbæ og tókst sérlega vel.

Nokkrir nemendur fóru sem fulltrúar FVA á ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Reykjum í Hrutafirði 20.-22. september á vegum UMFÍ. Dagskráin var full af allskonar gagnlegu, hópefli og samveru, áhugaverðum fróðleik og uppörvandi og hvetjandi málstofum.

Nemendur í jarðfræði fóru í dagsferð föstudaginn 13. september. Á vegi þeirra urðu setlög og rofin megineldstöð, lághitasvæðið við England í Lundarreykjadal var skoðað og gengið var gegnum Stelpuhelli við Gjábakkaveg. Heim var ekið um Nesjavallaleið fram hjá Hafravatni um Mosfellssveit.

Þann 21. nóvember fór hópur nemenda í íslensku á handritasýningu í Eddu, húsi íslenskunnar. Á sýningunni sem bar yfirskriftina „Heimur í orðum“ gafst nemendum tækifæri til að sjá íslensku handritin sem varðveist hafa allt frá 12. öld og geyma dýrmætan menningararf. Auk handritasýningarinnar fengu þau einnig leiðsögn um Eddu. Næst lá leiðin á Þjóðminjasafnið þar sem safnvörður kynnti þeim bókmenntasögu fyrri alda í máli og myndum sem hafði beina tengingu við lesefni annarinnar. Að endingu renndu nemendur sér á ísi lagðri Reykjavíkurtjörn í vetrarsól og froststillu áður en haldið var heim á leið.

Nemendur í íslensku nýttu sér einnig Fablab á Akranesi þar sem þau hönnuðu og prentuðu borðspil og tilheyrandi aukahluti. Verkefnið var hluti af lokaverkefni annarinnar sem fólst í að búa til spurningaspil úr námsefni annarinnar. Nemendur í sögu nýttu sér einnig Fablab til að búa til muni innblásna frá víkingaöld.

Kristín Edda og Angela fóru með íslenskunemendur og listnámsnemendur í sameiginlega ferð á slóðir Hallgríms Péturssonar í Saurbæ í Hvalfirði í nóvember. Ferð sem tókst einstaklega vel og verður örugglega endurtekin!



Fimmtudagskvöldið 21. nóvember fóru nemendur í stjórnufræði hjá Finnboga í stjörnuskoðun. Farið var sem leið lá norður fyrir Akrafjall í land Fellsenda. Þar dró Hlynur Örn Einarsson upp forlata stjernukíki úr pússi sínu og bauð mönnum að skoða Sjóstirnið, Júpiter skreyttan þremur af Galíleótunglunum og að lokum gægðist Betelgás upp fyrir sjóndeildarhringinn.

Nemendur tréiðngreina í áfanganum Húsaviðgerðir og breytingar skelltu sér í vettvangsferð til Reykjavíkur að skoða Árbæjarsafnið. Fengu þau leiðsögn um safnið og skoðuðum þrjú hús, Kjöthúsið, Ívarssel og svo Hansenshúsið. Skemmtileg ferð sem endaði á KFC stoppi í bakaleiðinni.

Nemendur á fyrstu önn rafiðnaðardeildar fengu góða heimsókn í september en Rafmennt, sem er endurmenntunardeild Rafiðnaðarsambandsins, kom færandi hendi þar sem nemendum voru afhentar vinnubuxur sem eru óspart notaðar af þeim í verklegum greinum. Jafnframt fengu nemendurnir stutta kynningu á því hvað Rafiðnaðarsambandið stendur fyrir og Rafmennt. Nemendur á þriðju önn heimsóttu fiskafurðarfyrirtækið Akraborg á Akranesi. Fyrirtækið er í fremstu röð við að sjálfvirknivæða framleiðsluferlið hjá sér frá upphafi til enda og er mikil upplifun fyrir nemendur að sjá slíkt. Þá fóru nemendur af fimmtu önn í dagsferð í september þar sem gufuaflsvirkjunin á Hellisheiði var heimsótt en hún er í eigu Orku Náttúrunnar. Þar var vel tekið á móti nemendum og fengu þeir góða kynningu á fyrirtækinu og framleiðsluferlinu. Eins fengu þeir að sjá vélarsalinn en allur vélbúnaður virkjunarinnar er innandyra. Eftir hádegisverð á KFC (sem er vinsælasti veitingastaður þessa hóps) voru Veitur á Akranesi heimsóttar. Þar var farið yfir veitukerfi Akurnesinga með nemendum auk þess sem aðveitustöð Skagamanna var heimsótt ásamt dreifistöð.

Nemendur á lista- og nýsköpunarsviði fórum í tvær safnaheimsóknir á þessari önn. Fyrst á listasafn Reykjavíkur og svo á Listasafn Íslands en nemendur unnu verkefni út frá þessum heimsóknum. Listasviðið hefur boðið uppá myndlistarsögu og hefur sá áfangi reynst mjög skemmtilegur. Mikið hlegið og mikið spjallað í þeim tímum og hafa nemendur öðlast getu til þess að tala saman um list. Þá voru nemendur einnig í ljósmyndun á þessari önn en þar stóð upp úr öðrum verkefnum, verkefni í ljósmálun og verkefni í Pop-art myndagerð. Í myndlistinni hafa nemendur farið um víðan völl og prófað sig áfram með fjölbreytt efni; kol, pastel, vatnsliti, blek og olíu. Nemendur á myndlistarsviði vinna núna að því að hanna veggjalistaverk í tölvuverinu.

Nemendur úr yfirlitsáfangi í stærðfræði fóru ásamt kennara í heimsókn í höfuðstöðvar smáforritsins Smitten í nóvember. Þar fengu nemendur kynningu frá framkvæmdarstjóra og öðrum stofnanda fyrirtækisins um samstarf og sögu stofnendanna og þróun fyrirtækisins. Heimsóknin var einstaklega vel heppnuð og skemmtilegt uppbrot í stærðfræðikennslunni!

Pallborðsumræður voru haldnar með frambjóðendum í NV kjördæmi 20. nóvember og svo voru haldnar skuggakosningar í skólanum 21. nóvember.

### Ferð til Auschwitz

Stefán sögukennari og Íris skólahjúkrunarfræðingur fylgdi flottum hópi nemenda til Kraká í Póllandi í október. Tilgangur ferðarinnar var að fara í Auschwitz, einar alræmdustu útrýmingarþúfir Nasista í seinni heimsstyrjöldinni. Farið var með lest frá Kraká til Oswiecim sem er pólska nafnið á bænum betur þekktur sem Auschwitz á þýsku. Þar fengu þau sex tíma leiðsögn um búðirnar. Annan daginn áttu nemendur að skoða sig um Gamla bæ Kraká og skoða söfn og aðra menningarstaði í Kraká. Borgin er mjög falleg og margt að sjá og mæla ferðalangarnir hiklaust með henni!



## Berlínarferð

Hópur nemenda fóru til Berlínar í lok nóvember ásamt Kristínu þýskukennara og Guðrún náms- og starfsráðgjafa. Berlínarferð er hluti af áfanganum EVRÓ2BE05 Berlín – saga og menning. Glímt var við ýmis verkefni sem efldu þýskukunnáttuna auk þess sem helstu merkisstaðir voru skoðaðir, m.a. var íslenska sendiráðið í Berlín heimsótt. Frábær ferð sem lifir lengi í minningunni.

## Heilsuvikan

Heilsuvikan var haldin 23.-27. september. Mjög metnaðarfull dagskrá var í boði: róðrakeppni, íþróttakahoot, fjallganga, hópeflisleikir og útieldun, borðtennismót, samflot, Winter Cup (karfa, bandý og blak) og fyrirlestur um næringu og fimleikakvöld. Tókst afar vel til. Tennisborðið var sett upp að vanda og fékk að standa óvenju lengi. Þegar slæm umgengni, hávaði og skróp náðu hámarki var borðið tekið niður. En snjallir nemendur settu upp net og smíðuðu spaða og héldu áfram að spila!

## Skammhlaup

7. nóvember var mikið fjör þegar Skammhlaupið fór fram í íþróttahúsinu á Vesturgötu og um allan skólann. Keppt var í fjölmörgum þrautum og stóð fjólubláa liðið uppi sem sigurvegari. Ball með Aron Can fór fram í sal skólans um kvöldið.

## NFFA

Stjórn NFFA skólaárið 2024-2025 skipa þau Demi van den Berg forseti, Anna Sigurðardóttir markaðsstjóri og varaforseti, Ester Eir ritari, Björn Darri gjaldkeri og Gunnar Smári skemmtanastjóri. Fulltrúi nýnema er Sigurður Brynjarsson. Að vanda átti NFFA pláss í útvarpi Akraness í desember en þátturinn fór úr böndunum og verður ekki birtur. Ef NFFA fær að vera með aftur, þarf að mæta með handrit.

## Nýnemaballið

Nýnemar voru boðnir velkomnir með nýnemaballi með Páli Óskari þann 5. september sem haldið var í sal skólans.

## Westside-ballið

Westside íþróttakeppni milli FVA, MB og FSN var haldin í Borgarnesi 24. október þar sem keppt var í hinum ýmsu íþróttagreinum og lauk með balli með Audda og Steinda og ClubDub. Að þessu sinni bar MB sigur úr býtum og hefur bikarinn til varðveislu til haustsins 2025 en þá ætlum við að vinna hann til baka! Nemendur okkar voru til fyrirmyndar í alla staði.

## Edrúpotturinn

Á böllum í FVA er hvatt til að vera með í edrúpotti sem snýst um að blása í áfengismæli og eiga möguleika á útdrætti um veglega vinninga. Á hverju balli er þessi kostur í boði og hefur þátttaka alltaf verið mjög góð.

## KOSS

Starfsmannafélag kennara og starfsmanna við FVA hélt uppi stuðinu í vetur sem hófst með golfmóti 11. september. Í lok september var kíkt í keilu, pílu og út að borða og 1. nóvember var októberfest og hrekkjavaka slegin saman og haldin „Októween“ með búningum, leikjum og miklu stuði! Dröfn hélt prjónakvöld í nóvember. Vel heppnað jólahlaðborð var svo haldið að Æðarodda 29. nóvember og stóð bráðfyndið „jólaskaup“ kennara upp úr! 18. desember var jólakósí og samvera á kaffistofunni, pakkaleikur fór friðsamlega fram og allt starfsfólk fékk jólagjöf frá skólanum.



## Stoðþjónustan og farsæld

Nemendþjónusta FVA er afar virk, vel menntuð og sérhæfð. Við skólann eru náms- og starfsráðgjafar í einu og hálfu stöðugildi, geðhjúkrunarfræðingur í hálfu starfi og sálfræðingur í 75% starfi. Þá er öflugt farsældarteymi skólans, sem inniheldur m.a. þrjá starfandi tengiliði, sem fundar reglulega á önninni og fulltrúar þess sóttu fundi og tóku þátt í samstarfi við Akraneskaupstað.

## Erlent samstarf

Kristín L. Kötterheinrich er nýr alþjóðafulltrúi skólans. Kristín K og Helena fóru til Tourcoing, Frakklandi og Helena til Ítalíu að skipuleggja verkefnið WIFII - Widen Interactions for Innovative Inclusion. Verkefnið er samstarfsverkefni FVA og skóla á Ítalíu, Spáni, Tyrklandi Grikklandi og Frakklandi.

## Ferð til Litháen

Angela og Arnar fóru með átta nemendur til Litháen í Nordplus verkefni sem heitir Art Lighthouse. Þau skoðuðu Vilnús og heimsóttu skóla og komu reynslunni ríkari heim. Farin verður önnur ferð á vegum verkefnisins til Finnlands í janúar.

## Húsnæði og aðbúnaður

Við erum sífellt að bæta aðbúnað starfsfólks og nemenda skólans. Eldhús starfsbrautar og salerni á neðri hæð B-álmú voru endurnýjuð. Starfsmannarými rafiðnaðardeildar var endurnýjað. Í sumar var skipt um dúk á sal og málað víða í skólanum. Búið er að skipta um ljós úr flúrperum í LED-ljós víða í skólanum.

## Bókasafn og upplýsingamiðstöð

Nemendur eru duglegir að nýta rýmið í verkefnavinnu en þar er líka bara gott að hanga og spjalla við félagana. Áfram verður unnið að því að umbreyta rýminu í gott verkefnarými sem mætir þörfum nemenda og kennara til framtíðar. Tölvuver gegnt safninu var gert að lesstofu þar sem hægt er að læra í friði og ró.

Rafrænum gögnum var skilað til Þjóðskjalasafns Íslands til varðveislu eins og skylt er. Gögnin eru frá tímabilinu frá 4. mars 2019 til 1. ágúst 2023 og var FVA fjórði opinberi framhaldsskólinn af 27 sem skilaði vörsluútgáfu til safnsins.

## Námsver „Verið“

Boðið var upp á opin tíma einu sinni í viku í stærðfræði og raungreinum. Aðsókn hefur glæðst “Veru”lega.

## Mötuneyti

Hollur og góður matur er aðalsmerki mötuneytis FVA. Þar er boðið upp á hafragraut á morgnana, heitan mat og salatbar í hádeginu ásamt því að hægt er að næla sér í ýmislegt í sjoppunni þess á milli. Vatnskraninn er vinsæll og vel nýttur. Starfsfólk mötuneytis er alltaf með bros á vör, tilbúið með girnilegan mat og hreinan sal á hverjum degi. Takk fyrir okkur í haust!

## Heimavist

Íbúar á heimavist skólans voru 37 á önninni, flestir í eins manns herbergjum. Í vistarráði eru á þessu skólaári Sveinn Svavar, Svanfríður Dögg, Birgitta Rut, Hermann Heiðar og Þorsteinn Óli. Hlutverk ráðsins er að standa vörð um hagsmuni vistarbúa. Umgengni er misgóð um eldhús heimavistar og þarf



stundum að grípa til lokana til að minn á að ganga frá eftir sig. Sitthvað var keypt inn í eldhúsið á haustönn af áhöldum og leirtau sem vill tynast.

Vonir standa til að Framkvæmdasýslan gangi í að sinna þeim langþráðu endurbótum á húsnæðinu sem nauðsynlegar eru, s.s. að setja upp eldvarnarhurðir, ganga frá svölum og mála herbergin.

## Kjarabaráttu

Kennarar í leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum á Akranesi og Hvalfjarðarsveit fjölmenntu á samstöðufund í FVA 21. nóvember. Þrusugóður fundur og ólgandi samstaða. Áfram kennarar!

## Grænu skrefin

Skólinn hlaut fimmta græna skrefið í nóvember, en markmið verkefnisins Græn skref er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi opinberra stofnana og efla umhverfisvitund starfsfólks. Fyrsta, annað og þriðja skrefið komu í hús árið 2021, það fjórða 2022 og nú loks það fimmta. Margir lögðu hönd á plóg í þessu stóra verkefni og boðið var upp á grænar veitingar með morgunkaffinu þegar fimmta græna skrefið var í höfn.

## Inngilding

Skólinn tók þátt í Inngildingarpúlsi Öldu í haust, einn af 60 vinnustöðum sem hafa stigið það mikilvæga og hugrakka skref að mæla inngildingu. Við fengum mjög góða einkunn.

## Jafnrétti

Jafnréttisfélagið Briet var endurvakið í byrjun annar. Formaður félagsins er Angela Snorradóttir.

## Í annarlok

Stefnumótun fyrir skólann hefur gengið vel. Nokkur verkefni eru á lokaspretti, önnur eru í gangi áfram á næstu önn eða ný að hefjast. Engan bilbug er á okkur að finna.

Sú nýlunda var tekin upp á haustönn að bjóða upp á sjúkra-/forfallapróf síðasta föstudag í mánuði. Aðsókn var góð og mæltist nýjungin vel fyrir en verður slípuð betur á vorönninni.

Í hádeginu á fimmtudögum var boðið upp á slökun með Írisi. Ekki mættu margir en þeir sem það gerðu eru mjög ánægðir. Við gefumst ekki upp og vonumst til að fá fleiri á vorönn. Fátt betra en að anda djúpt og kúpla sig aðeins út undir teppi.

Skólastarfið á þessari önn hefur einkennst af jákvæðni og krafti enda leggur starfsfólk skólans sig fram um virkja nemendur til dáða, skapa gott námsumhverfi og félagslíf - og hreinlega láta hlutina ganga upp í stórum og fjölbreyttum skóla. Það er sannarlega frábær hópur fólks sem hér starfar!